

Mál nr. 171/2015**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Árekstur á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina hf. við Bildshöfða í Reykjavík þann 15.4.2015.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 7.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.5.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum út á akleið á milli þeirra á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina hf. við Bildshöfða. Rákust þá afturendar bifreiðanna saman.

Ökumaður A kvaðst hafa litið aftur fyrir bifreiðina og séð að „stæðið“ var autt svo hann hafi ekið aftur á bak úr stæðinu. Hann hafi verið að bremsa og snúa stýrinu til að gera sig kláran til að aka áfram þegar högg hafi komið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa litið aftur fyrir bifreiðina og séð að enginn bifreið hafi verið fyrir. Hann hafi því ekið af stað aftur á bak, en þá hafi högg komið á B.

Álit.

Af ljósmyndum af ökutækjunum á vettvangi, sem er að finna í skýrslu um áreksturinn, virðist mega ráða að A hafi verið ekið nokkru lengra inn á akleiðina milli stöðureitanna en B þegar áreksturinn varð. Af því verður hins vegar ekkert ráðið hvor ökumanna hafi ekið fyrir af stað inn á akleiðina eða hvort annar ökumanna hafi ekið hraðar en hinn. Af framburði ökumanna verður ekki annað ráðið en bæði ökutæki hafi verið á ferð þegar áreksturinn varð og hvorugur þeirra vissi þá af ferðum hins. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur ökutæki aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá báðum öikumönnum. Þeir eiga því báðir sök. Engum vitnum að atvikinu er til að dreifa. Eins og málsatvikum er háttáð telst ósannað að annar ökumanna eigi meiri sök en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu á milli þeirra, sbr. 89. gr. ufl.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.